

Samningstilboð á næstu grösum?

Washington, 21. ágúst. (NTB).

BÚIZT er við, að Kennedy Bandaríkjaforseti komi til Washington í kvöld, en hann hefur undanfarið dvalið á hvíldarsetri sínu í Hyannis Port. Mun hann ræða við Johnson varaforseta, sem kom til Washington úr heimsókn sinni til Berlínar og Vestur-Pýskalands.

Johnson ræddi við blaðamenn við komuna til Bandaríkjanna. Hann kvaðst viss um, að Berlínarbúar hefðu

orðið þess vísir af heimsókn sinni, að Bandaríkjamenn stæðu með þeim og ætluðu ekki að yfirgefa þá.

Hann hrósaði mjög stjórnmálamönnum í Vestur-Pýskalandi, og kvað þá hafa sýnt stilingu og festu í Berlínarmálinu.

Johnson kvað sér hafa verið einstaklega vel fagnað af öllum almenningi og hann væri nú vissari en áður um órjúfandi vináttu Bandaríkjanna og Þjóðverja.

Johnson sagðist hafa farið til Berlínar til þess að kynnst ástandinu þar af eigin raun, og eins til þess að sýna Berlínarbúum samstöðu Bandaríkjanna.

Í Washington er sagt, að ríkisstjórnir Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands hafi orðið sammála um sérstakar tillögur í Berlínarmálinu, sem lagðar verða fyrir Sovétstjórnina. — Búizt er við, að orðsendingar Vesturveldanna með þessum tillögum verði afhentar í Moskvu í þessari viku. Ekkert er vitad um þessar tillögur, en talið að þær séu meðal annars ætlaðar til þess að styrkja aðstöðu Vesturveldanna í Berlínardeilunni.

Dean Rusk, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hélt ræðu í sjónvarpi í gærkvöldi, og sagði, að það væri ekkert því til fyrirstöðu að hefja samninga um Berlín og Vesturveldin ættu að leggja fram ákveðnar tillögur í málinu, tillögur, sem gengju lengra en áform Krústjovs um sérfrið við Austur-Pýskaland. Aðalatriðin í næstu orðsendingum Vesturveldanna verður að sýna fram á, að þau ætla ekki að láta hræða sig frá Berlín.

Vel heppnuð tízkusýning

TÍZKUSÝNING Reykjavík urkynningarinnar, var haldin í Hagaskóla laugardaginn 10. ágúst. Var þar saman kominn mikill mannfjöldi.

Ævar Kvaran, leikari, var kynnrir og Carl Billich lék á píanó.

Ævar Kvaran skýrði frá því, að Tízkuskólanum undir stjórn þeirra Sigríðar Gunnars dóttur og Ástu Guðjónsdóttur hefði verið falið að annast sýninguna og sýndu stúlkur úr Tízkuskólanum. Auk þess sýndu María Guðmundsdóttir og Þýzk stúlka.

Fyrri hluti sýningarinnar var helgaður kápum, höttum, hönzukum og veskjum. Voru kláurnar hollenzkar fluttar inn af Bernhard Laxdal í Kjör garði. Bar mest á brúnum lit, nokkrar voru dökkgráar og tweed-efni yfirgnæfandi. Margar kláurnar voru með loðkraga, vasar stórir og vídd mikil.

Stóri hluti sýningarinnar var helgaður nýrri íslenskri framleiðslu. Eru það eins konar stakkar, ekki ósvipaðir anárökkum áskimóa, nema hvað hettu vantar. Munu þessar flíkur ætlaðar til vetrarferða. Stakkar þessir eru framleiddir af Sportverri, efnið er ofið á Álafossi úr íslenskri ull, sauðalitirnir eru látnir halda sér. Mynztur eru teiknuð af Ásgerði Eyster Búadóttur, en

snið gerð af Dýrleifu Ármann. Einnig voru sýndir fjölmargir sundbolir, en engar upplýsingar gefnar um hvaðan þeir væru eða úr hverju eða hvar þeir fengjust.

Ráðherrafundur í Belgrad

Nýja Delhi, 21. ágúst (NTB). Utanríkisráðherra Indlands, Júgóslavíu, Arabíska sambandslýðveldisins og Indónesíu munu koma saman til fundar í Belgrad næstu daga og undirbúa fund hinna „óháðu“ ríkja, sem hefst í Belgrad 1. september.

Fultrúar á þeim fundi verða Þjóðhöfðingjar viðkomandi landa, en frá Indlandi kemur Krishna Menon.

Enn er flúið vestur yfir

BERLÍN, 21. ágúst. (NTB).

FLESTAR DEILDIR verkamannahersveitanna, sem austur-Þýzk stjórnarvöld kölluðu til vopna í fyrri viku, er svæðamörkum Berlínar var lokað, hafa nú verið fluttar frá mörkunum, en fastaher og lögregla ein látn um gæzlu. Ástæðan fyrir því, að þessar skipulögðu hersveitir verkamanna hafa verið leystar frá störfum í bili, er sú, að mikill skortur er á verkafólki í landinu, og atvinnulífið mátti ekki við því að tapa þessu fólki.

Mikill fjöldi manna úr alþýðulögreglunni er nú við svæðamörkin í Berlín. Allt hefur verið með ró og spekt við mörkin undanfarið sólarhring. Nokkrum mönnum hefur tekizt að flýja vestur yfir í dag, meðal þeirra borgarstjóranum í Falkenseehverfi í Austur-Berlín. Brynvagnar Austur-Þjóðverja standa við Brandenburgarkliðið, en ekki hefur orðið vart neinna frekari hernaðaraðgerða.

Margir brezkir brynvagnar tóku sér í dag stöðu hálfan kílómetra frá mörkunum í Spandau. Var þetta gert, er 150 ungkommúnistar hófu að setja frekar gaddavirsgirðingar þar.

Blöð í Vestur-Berlín og Vestur-Pýskalandi láta í ljós mikla áhyggju með heimsókn Lyndon B. Johnssons varaforseta Bandaríkjanna til Berlínar fyrir helgina og þá 1500 bandarísku hermenn, sem komu til Berlínar í fyrradag.

Adenauer kanslari Vestur-Pýskalands sendi í dag skýti til Kennedys Bandaríkjaforseta og Johnsons og þakkaði heimsókn hins síðarnefnda.

Í dag kom bandarísk bifreiðalest til Berlínar. Fór hún um Helmsted og varð ekki fyrir neinum töfum.

